

1873.
25. júlí.

un er byggð á því, að skipið að eins færi hafna ámilli, og yfirgefi því ekki landið, heldur haldi áfram sömu ferðinni, en útlend fiskiskip koma aptur á móti í hvert skipti að utan, og kunna jafnvel á meðan þau voru í burtu að hafa komið við í útlöndum, eða haft mök við önnur skip, þar sem menn hafa verið veikir o. s. frv.

Samkvæmt því, sem sagt er, verður stjórnarráðið að álíta, að greiða skuli gjald það, sem fyrirskipað er í 3. gr. tilskipunarinnar í hvert skipti, sem umsjón sú, sem getið er um í greininni, fer fram, an tillits til þess, hvort skip það, sem á hlut að máli, í sömu ferðinni sigli einu sinni eða optar uppá sömu höfnina eða aðra höfn í hinu sama lögsagnarumdæmi.

1. ágúst.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kennslu í yfirsetufræði.

Með því það optar hefir komið fyrir, að íslenskir læknisfræðingar, sem koma hingað til Kaupmannahafnar, til þess að njóta kennslu á hinn konunglegu fæðingarstofnun, eins og fyrirskipað er, eigi þegar í stað hafa getað komizt að á stofnuninni, höfum vèr spurt kirkju- og kennslustjórnina að, á hverjum tíma tæðum læknisfræðingum henti bezt að fara hingað, og hefir tæð stjórnarráð skýrt frá, að yfirkenningarinn í yfirsetufræðinni við fyrnefnda stofnun hafi lagt til, að 1. dagur septbrm. hvers árs væri sá tími, er helzt yrði búizt við, að íslenskir læknisfræðingar gæti komizt að til kennslu á fæðingarstofnuninni.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss, að tilkynna yður, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það.